



Alþingi
Erindi nr. P 139/1855
komudagur 30. 3. 2011

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. menntamálanefndar

Reykjavík 29. mars 2011

Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

1103008SA
Málalykill: 400

Efni: Frv. til laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls 533. mál 139. lþ.

Samband íslenskra sveitarfélaga vísar til tölvupósts nefndasviðs Alþingis, dags. 7. mars sl., þar sem frv. til laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks tákn máls er sent sambandinu til umsagnar.

Fram kemur á vef Alþingis að frumvarpið hafi verið sent til umsagnar hjá öllum sveitarfélögum landsins og gerir sambandið ráð fyrir að einstakar sveitarstjórnir muni tjá afstöðu sína til málsins með beinum hætti, auk þeirrar umsagnar sem hér er látin í té.

Um undirbúning frumvarpsins

Svo sem fram kemur í athugasemdum við frumvarpið, byggja tillögur þess á vinnu nefndar sem menntamálaráðherra skipaði til þess að fjalla um lagalega stöðu íslenskrar tungu og tákn málsins.

Fulltrúum sambands íslenskra sveitarfélaga var gefinn kostur á að lýsa viðhorfum sínum til starfs nefndarinnar og var það gert, annars vegar með bréfi til ráðuneytisins dags. 30. október 2009 (sjá hjálagt afrit) og hins vegar á fundi með nefndinni þann 3. nóvember 2009. Þar lagði sambandið einkum áherslu á tvennt:

1. Annars vegar að það væri í þágu þeirrar opinberu málstefnu sem mótuð hefur verið, m.a. fyrir tilstilli Íslenskrar málnefndar, að taka upp í stjórnarskrá sérstakt ákvæði um stöðu þjóðtungunnar í lagalegu tilliti. Telja bæri að sú leið væri að mörgu leyti vænlegri en sú að setja sérstök lög um stöðu íslenskrar tungu, með því að slík löggjöf yrði án efa flókin og viðurhlutamikil. Var þá meðal annars horft til ákvæða um tilkall til túlkunar og þýðinga.
2. Hins vegar að fram þyrfti að fara nánari upplýsingaöflun og greining áður en tekin yrði afstaða til þess hvernig skynsamlegt er að tryggja stöðu íslensks tákn máls. Jafnframt var áréttað, sem m.a. hafði komið fram í umsögn um frumvörp sem flutt voru á 135. löggjafarþingi, að sambandið tæki undir mikilvægi þess að efla réttindi heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra. Óhjákvæmilegt væri hins vegar að gagna yrði aflað um möguleg áhrif frumvarpanna fyrir ríki og sveitarfélög áður en til



lögfestingar kæmi. Ennfremur var bent á að upplýsingar þyrftu að liggja fyrir um útbreiðslu íslenska táknmálsins þannig að ljóst væri hvort tillögugerðin í frumvörpunum væri raunhæf.

Sambandið telur að þessi sjónarmið séu í fullu gildi og eigi að leiða til þess að hugað sé heildstætt að málefnum með stjórnarskrárbreytingu fremur en að kastað sé til höndum með lítt hugsaðri og vanburðugri lagasetningu.

Við frekari vinnslu málsins í mennta- og menningarmálaráðuneytinu var ekki leitað frekar eftir sjónarmiðum sveitarfélaganna, en fram kemur í greinargerð að haft hafi verið samráð við „helstu hagsmunaaðila“. Vekur furðu að ráðuneytið hafi ekki talið frumvarpið snerta sveitarfélögin nægjanlega mikið til þess að viðhafa samráð um gerð frv., enda þótt fjallað sé beint um skyldur þeirra og ábyrgð í ekki færri en fjórum greinum.

Að mati sambandsins er mjög miður að ábendingum þess á fyrri stigum hefur í engu verið sinnt og samráð síðan gersamlega hunsað af ráðuneytinu. Fyrirliggjandi frumvarp er þannig sama marki brennt og áðurnefndar tillögur með því að engin greining hefur farið fram á því hver staðan er í reynd eða áætlanagerð um það hvernig áformum frumvarpsins verður hrint í framkvæmd. Mörgum spurningum er þar ósvarað:

- Verður skortur á táknmálstúlkum viðvarandi eftir gildistöku laganna?
- Hvaða áhrif mun slíkur skortur hafa á möguleika stjórnvalda víða um land til þess að tryggja aðgang að íslensku táknmáli eins og lögskýlt verður?
- Hvernig verður banni við mismunun fylgt eftir, m.a. í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist um vernd réttinda sem skilgreind eru í landslögum?
- Hvaða lagasjónarmið verða lögð til grundvallar við skýringu á ákvæðum laganna gagnvart meginreglum stjórnsýsluréttar um jafnræði í lagalegu tilliti og samræmi í stjórnvaldsframkvæmd?

Áriðandi er að menntamálanefnd leiti svara við þessum spurningum og öðrum sem frumvarpið vekur.

Um kostnaðarmat

Fyrirliggjandi frumvarpi fylgir umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis, þar sem fram kemur að ekki sé ástæða til þess að ætla að ákvæði frumvarpsins þurfi „beinlínis“ að hafa í för með sér breytingar á núverandi framkvæmd hvað varðar túlkabjónustu.

Sambandið verður að lýsa sig algerlega ósammála þessari niðurstöðu og telur ljóst, með vísan til þeirra atriða sem áður eru rakin, að lögfesting frumvarpsins muni óhjákvæmilega hafa í för með sér umfangsmeiri og kostnaðarsamari framkvæmd í nánast allri opinberri þjónustu. Standi vilji löggjafans einungis til þess að leggja ákveðinn grunn sem hægt verði að byggja á til framtíðar við setningu laga og reglna í þessu efni, er eðlilegast og nærtækast að samþykkt



sé þingsályktun um slíka stefnumörkun og áætlanagerð. Eðlilegt er að sú þingsályktun byggji á starfi þeirrar nefndar sem áður er vikið að, en jafnframt sé mælt fyrir um nánari greiningarvinnu og upplýsingaöflun.

Sambandið bendir á að þegar mælt var fyrir frumvarpinu þann 24. febrúar sl. kom skýrt fram í máli þingmanna að 3. gr. frumvarpsins krefjist fjármagns af hálfu ríkis og sveitarfélaga. Enda þótt ekki sé kveðið beinlínis á um rétt þeirra sem nota táknmál eða útlendinga sem ekki skilja íslensku við að skilja gögn sem skipta þá máli, leiðir það skýrlega af ákvæðum frumvarpsins að stjórnvöldum – ríkisstofnunum og sveitarfélögum – verður gert skylt að bjóða upp á túlkajónustu. Verði frumvarpið óbreytt að lögum felur það í sér afdráttarlausu yfirlýsingu um að fyrir þá hópa sem hér eiga í hlut – heyrnarlausu og innflytjendur – sé um að ræða grunnþjónustu, sem ekki megi synja um nema ómögulegt reynist að veita hana.

Minnt er á að hér er um ýmsa og ólíka hópa að ræða og marga mjög fjölmenna. Erlendir ríkisborgarar á Íslandi eru rúmlega 21 þúsund talsins og ef þeir eru taldir með sem komnir eru með íslenskt ríkisfang stækkar hópurinn upp í ríflega 25 þúsund manns. Börn í grunnskólum landsins sem höfðu annað móðurmál en íslensku voru 2.318 haustið 2010 og í leikskólum taldi þessi hópur 1.614 börn árið 2009. Nokkur fjölgun hefur orðið í þessum hópum þótt fækkun hafi orðið í heildarfjölda innflytjenda.

Þá er rétt að halda því til haga að nokkrir hópar hafa sérstöðu eðli málsins samkvæmt, t.d. innflytjendur sem nota táknmál sem fyrsta mál, og ættu því að eiga tilkall til þess að læra bæði íslenskt táknmál og íslensku. Hér er vissulega ekki um stóran hóp að ræða en hann virðist fara vaxandi. Verkefni tengd þessum hópi hafa verið til umfjöllunar hjá innflytjendaráði og þróunarsjóði innflytjendamála. Nauðsynlegt er að greina þessi verkefni og grennslast fyrir um niðurstöður af þeim.

Samband íslenskra sveitarfélaga fer fram á að hæstvirt menntamálanefnd hlutist til um að ákvæði frumvarpsins verði kostnaðarmetin gagnvart sveitarfélögunum og að niðurstaða matsins liggja fyrir áður en nefndin lýkur umfjöllun sinni um málið. Um framkvæmd matsins má hafa til hliðsjónar leiðbeiningar um mat á áhrifum lagafrumvarpa og reglugerðardraga á fjárhag sveitarfélaga, sem fylgdu samkomulagi ríkisins Sambands íslenskra sveitarfélaga um það efni frá 30. desember 2005 (sjá hjál. afrit).

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 2. gr.:

Fram kemur í athugasemdum við frv. að það leiði af 2. mgr. þessarar greinar frv. „að þeim sem búa hér á landi skal gefinn kostur á að læra íslensku“. Þeim sem ekki hafa náð fullnægjandi tökum á íslensku til almennrar þátttöku í íslensku þjóðlífi „skal veitt aðstoð við þýðingar, eftir atvikum með aðstoð túlka“. Tekið er fram að sérstaklega sé átt við „hvers konar samskipti við



fyrirsvarsmenn ríkis og sveitarfélaga“. Ennfremur að um búsetu skuli þjóðskrá lögð til grundvallar.

Sveitarfélög, og raunar einnig ríkisstofnanir, hljóta að kalla eftir skýringum á því hvað felist í skyldu samkvæmt þessu ákvæði frv. Mikilvægt er að menntamálanefnd geri sjálfstæða könnun á viðhorfum í því efni þar sem frumvarpið og fylgigögn þess eru greinilega fremur byggð á óskhyggju en raunhæfu mati á því hvaða breytingar lagaskyldan muni hafa í för með sér.

Þá vekur tilvísun til sérlaga í niðurlagi 2. mgr. athygli, í ljósi þess að engum samstæðum ákvæðum um innflytjendur er til að dreifa hér á landi - hugtakið sjálft er raunar vart til í íslenskum lögum. Bent er á að ekki mun enn hafa verið tekin afstaða til þess hvort stefna beri að heildstæðri löggjöf um réttarstöðu innflytjenda eða einungis lagabálki um stjórnslu málaflokksins. Þau mál eru nú til skoðunar hjá innflytjendaráði og velferðarráðuneytinu.

Um 4. gr.:

Í 3. mgr. þessarar greinar er mennta- og menningarmálaráðuneytinu veitt heimild til þess að krefja sveitarfélög um skýrslur. Óbreytt felur ákvæðið í sér afar rúma heimild sem getur hæglega orðið íþyngjandi fyrir sveitarfélög að sinna. Að mati sambandsins eru rúmar og opnar heimildir af þessum toga ekki í samræmi við ákvæði Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga, sem mæla fyrir um að aðhalds- og eftirlitshlutverki stjórnvalda ríkisins skuli settar málefnalegar skorður.

Um 5. og 6. gr.:

Í 5. gr. kemur fram hverjir tilnefna eigi fulltrúa til setu í Íslenskri málnefnd, sem m.a. er ætlað það hlutverk að gera tillögur um opinbera málstefnu. Í 6. gr. er skipan málnefndar um íslenskt táknmál tilgreind, en hlutverk þeirrar nefndar er m.a. að stuðla að notkun táknmáls í íslensku þjóðlífi.

Að mati sambandsins er óskiljanlegt af hverju ekki er gert ráð fyrir fulltrúum sveitarfélaga í þessum nefndum, jafnmikið og hlutverk þeirra snertir starfsemi sveitarfélaga á sviði skólamála og annarrar almannaþjónustu. Í umræðum um framsöguræðu ráðherra höfðu þingmenn það á orði að skoða bæri skipan nefndanna í meðförum þingsins og er þess farið á leit við hæstvirta menntamálanefnd að sveitarfélögin verði þar höfð í huga.

Um 8. gr.:

Afar erfitt er að sjá hvernig framkvæma eigi orðalag 2. mgr. um að sá sem ekki skilur íslensku geti tileinkað sér efni skjala og skilríkja og hvaða stjórnsluhættir teljist fullnægjandi í því sambandi. Minnt er á að málsmeðferðarreglum af þessu tagi er ætlað að þjóna markmiðum réttaröryggis. Óljós og illa ígrunduð lagaákvæði vinna hins vegar þvert gegn þeim tilgangi.



Um 9. gr.:

Sambandið gerir í sjálfu sér ekki athugasemd við að lög hvetji til þess að málfar í samskiptum sem stjórnvöld eiga við íbúa sé í senn vandað, einfalt og skýrt. Sérstök skylda hlýtur á hvíla á því ráðuneyti sem ætlað er fylgja eftir markmiðum laganna, sbr. 3. mgr. 4. gr. frv.

Um 10. gr.:

Af framsetningu ákvæðisins má ráða að skylda til þess að efla fræðiorðaforða hvíli á öllum stjórnvöldum og þá einnig sveitarfélögum. Vart er tilefni til þessarar framsetningar þar sem sveitarfélög eru fæst í sömu aðstöðu og stjórnvöld og stofnanir ríkisins sem veita almannaþjónustu á landsvísu. Lagt er til að greinin hljóði svo: „Stjórnvöldum, öðrum ríkisstofnunum og aðilum sem veita almannaðjónustu á landsvísu er skylt að sjá til þess að íslenskur fræðiorðaforði eflist jafnt og þétt á ólíkum sviðum og sé öllum aðgengilegur og notaður sem víðast.“

Um 12. gr.:

Til viðbótar þeim athugasemdum sem áður eru gerðar um áhrif þessa ákvæðis á starfsemi sveitarfélaga, tekur sambandið skýrt fram að bann við mismunun sem ráðgert er skv. 2. mgr. er í raun óframkvæmanlegt án þess að fram hafi farið greining á réttarstöðu notenda, hvort bannið taki bæði til beinnar og óbeinnar mismununar og hvaða réttlættingarástæður geti legið að baki takmörkun á framboði táknmáls.

Samantekt

Fyrirliggjandi frumvarp hefur að geyma róttækar tillögur sem mæla fyrir um tilkall ákveðinna hópa til þjónustu verði stórlega aukið. Verði þessar tillögur lögfestar mun það óhjákvæmilega hafa í för með sér að nánast öll nærþjónusta sveitarfélaga og ríkis verður umfangsmeiri og verulega kostnaðarsamari. Samband íslenskra sveitarfélaga gerir kröfu til þess að slík löggjöf sé undirbúin með miklu vandaðri og ábyrgari hætti en hér hefur verið gert.


Þá sýnir málatilbúnaður mennta- og menningarmálaráðuneytisins nánast fullkomið virðingarleysi við hlutverk sveitarfélaga sem ábyrgðaraðila almannaðjónustu. Það er lágmarkskrafa að bætt verði þar úr með því að kostnaðaráhrif frumvarpsins gagnvart sveitarfélögum verði kostnaðarmetin eins og rétt og skylt er samkvæmt áður nefndu samkomulagi.

Að því marki sem ákvæði frv. snerta innflytjendur er minnt á stefnumótun sambandsins í þeim málaflokki sem kveður á um að fram fari - í samstarfi ríkis og sveitarfélaga - heildstæð úttekt á stöðu túlkajónustu fyrir innflytjendur. Á grundvelli hennar á að gera tillögur um framtíðartilhögun og fjármögnun. Þessari úttekt er ekki lokið og sú undirbúningsvinna sem þegar hefur farið fram sýnir mjög skýrt hve mörg þau álitaefni eru, sem tengjast beint túlkamálum og öðrum málum innflytjenda.



Því hlýtur að koma til álita að fella út úr frv. ákvæði 2. mgr. 2. gr. og 2. mgr. 8. gr. með það fyrir augum að um þau atriði verði fjallað í heildarlöggjöf um innflytjendur, en eins og áður greinir er unnið að því starfi á vettvangi innflytjendaráðs og velferðarráðuneytis.

Virðingarfyllst
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Fylgiskjöl:

1. Bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 30. október 2009
2. Samkomulag um kostnaðarmat lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla gagnvart sveitarfélögum, dags. 30. desember 2005

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
b.t. Þórhalls Vilhjálmssonar

Reykjavík 30. október 2009

Sölvhólgötu 4
150 REYKJAVÍK

0910012SA TP
Málalykill: 360

Efni: Hlutverk nefndar um lagalega stöðu íslenskrar tungu

Vísað er til bréfs ráðuneytisins dags. 2. október s.l. þar sem óskað er eftir viðhorfum Sambands Íslenskra sveitarfélaga til starfs nefndar sem skipuð hefur verið til að fjalla um lagalega stöðu íslenskrar tungu.

Af hálfu sambandsins er lögð áhersla á eftirfarandi efnisatriði:

1. Um að bæta í stjórnarskrá sérstöku ákvæði um að íslenska sé opinbert mál ríkisins

Af hálfu sambandsins er tekið undir ályktun Íslenskrar málnefndar um það hver skuli vera helstu markmið opinberrar málstefnu. Ljóst er jafnframt að það væri í þágu þessara markmiða, að taka upp í stjórnarskrá sérstakt ákvæði um stöðu þjóðtungunnar í lagalegu tilliti. Virðist sú leið að mörgu leyti vænlegri en sú að setja sérstök lög um stöðu íslenskrar tungu, en slík lagasetning yrði án efa flókin og viðurhlutamikil.

Á komandi mánuðum gefst tilefni til þess að undirbúa upptöku ákvæðis af þessum toga samhliða annarri endurskoðun á stjórnskipunarlögum. Hvetja ber til þess að tækifærið verði nýtt en jafnframt að vandað verði til verksins. Áriðandi er að efni stjórnarskrarákvæðis um að íslenska skuli notuð í störfum stjórnarráðs og sveitarstjórna og innan heilbrigðisþjónustu, byggist á skýrri ráðagerð um það hvernig koma eigi til móts við væntingar og kröfur þeirra aðila að málum á vettvangi stjórnvalda, sem ekki hafa nægjanleg tök á íslensku til þess að gæta hagsmuna sinna.

Í þessu efni er eðlilegt að hafa hliðsjón af því hvernig lagaákvæði hafa mótast á einstökum sviðum á síðast liðnum árum. Sérstaklega er bent á ákvæði nýrra laga um leikskóla og grunnskóla í því sambandi.

2. Um að tryggja stöðu íslensks táknmáls

Á Alþingi hafa verið flutt frumvörp til laga, sem haft hafa að markmiði að efla réttindi heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra. Frumvörp af þessu tagi koma til umsagnar hjá sambandinu, enda ljóst að slík lögfesting réttinda hefur kostnaðarhrif á sveitarfélögin, ekki síður en ríkið.

Í umsögn sinni um frumvörp, sem flutt voru á 135. löggjafarþingi, benti sambandið á að það gæti um margt tekið undir þau markmið sem fram koma í frumvörpunum um mikilvægi þess að efla réttindi heyrnarlausra, heyrnarskertra og daufblindra. Á það var hins vegar lögð áhersla að afla

yrði upplýsinga um möguleg áhrif frumvarpanna fyrir ríki og sveitarfélög áður en til lögfestingar kæmi. Jafnframt var talið að upplýsingar þyrftu að liggja fyrir um útbreiðslu íslenska táknmálsins þannig að ljóst væri hvort tillögugerðin í frumvörpunum væri raunhæf.

Sambandið telur að þessi sjónarmið séu í fullu gildi og að upplýsingaöflun og –greining þurfi að fara fram áður en tekin verður afstaða til þess hvernig skynsamlegt er að tryggja stöðu íslensks táknmáls.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Samkomulag
um kostnaðarmat lagafrumvarpa og
stjórnvaldsfyrirmæla gagnvart sveitarfélögum.

Ríkisstjórn Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga staðfesta hér með eftirfarandi samkomulag um kostnaðarmat lagafrumvarpa og stjórnvaldsfyrirmæla sem hafa í för með sér kostnaðaráhrif fyrir sveitarfélögin.

Aðilar eru sammála um að stjórnarfrumvörp og reglugerðardrög sem undirbúin eru í ráðuneytum og einvörðungu eða að verulegu leyti hafa bein áhrif á sveitarfélögin verði kostnaðarmetin með tilliti til heildaráhrifa á fjárhag sveitarfélaga.

Samkomulagið gildir frá og með 1. janúar 2006.

Framkvæmd kostnaðarmatsins skal vera í samræmi við reglur og leiðbeiningar í fylgiskjölum I og II.

Reykjavík, 30. desember 2005

Árni Magnússon
félagsmálaráðherra

Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson
formaður stjórnar
Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árni M. Mathiesen
fjármálaráðherra

Þórður Skúlason
framkvæmdastjóri
Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fylgiskjal I

Reglur um mat á kostnaðaráhrifum lagafrumvarpa og reglugerðardragna á sveitarfélög

1. gr.

Stjórnarfrumvörp og reglugerðardrög sem einvörðungu eða að verulegu leyti hafa bein áhrif á sveitarfélögin skulu metin með tilliti til heildaráhrifa á fjárhag sveitarfélaga.

2. gr.

Viðkomandi ráðuneyti annast mat á lagafrumvörpum og reglugerðardrögum sem samin eru á vegum þess samkvæmt reglum þessum og leiðbeiningum sem þeim fylgja. Sé eftir því leitað lætur Samband íslenskra sveitarfélaga í té þær upplýsingar sem það býr yfir og nýst geta við matið. Einstök ráðuneyti og Samband íslenskra sveitarfélaga skulu tilnefna tengiliði til að annast samskipti vegna vinnu við kostnaðarmat.

3. gr.

Sambandi íslenskra sveitarfélaga skal gefinn kostur á að veita umsögn um mat ráðuneytis á reglugerðardrögum á undirbúningsstigi þeirra. Skal umsögn sambandsins berast innan hæfilegs frests. Miðað er við að mat viðkomandi ráðuneytis á kostnaðaráhrifum lagafrumvarps á sveitarfélög sé sent Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar um leið og fært þykir.

4. gr.

Með tillögum Sambands íslenskra sveitarfélaga um breytingar á lögum og reglugerðum skal fylgja mat þess á kostnaðaráhrifum á sveitarfélögin og ríkissjóð.

5. gr.

Í lok hvers árs skal hvert ráðuneyti taka saman aðgengilegt yfirlit yfir niðurstöðutölur mats á áhrifum lagafrumvarpa og reglugerðardragna á fjárhag sveitarfélaga.

Fylgiskjal II

Leiðbeiningar um mat á áhrifum lagafrumvarpa og reglugerðardragna á fjárhag sveitarfélaga

Til að stuðla að samræmingu á mati ráðuneyta er lagt til að eftirfarandi verði fylgt við matsgerð:

- A. Tilgangur og innihald frumvarps/reglugerðar verði reifað í stuttu máli.
- B. Gerð verði stutt grein fyrir sérhverju ákvæði sem er líklegt tli að hafa áhrif á kostnað og/eða tekjur þannig að:
- i. Tilgreind verði orsök fjárhagslegra áhrifa og hvernig áhrifin birtast.
 - ii. Dregin verði fram heildarhækkun útgjalda/tekna og heildarlækkun þeirra, en ekki einungis hrein áhrif.
 - iii. Útreikningum verði haldið til haga.

Séu forsendur fyrir matinu óskýrar, meðal annars sökum þess að sveitarfélög hafa um mismunandi og misdýrar leiðir að velja úr við lausn verkefna, skal fjalla um hverjar forsendurnar eru og áhrif helstu valkosta.

Fjalla ætti um breytingar á eftirfarandi þáttum, eftir því sem við á:

Launa- og starfsmannakostnaður

- Fjöldi starfa.
- Vinnuálag.
- Launataxtar, meðallaun.
- Lífeyrisskuldbindingar.
- Biðlaun.

Annar rekstrarkostnaður en laun

- Breyting á magni og gæðum þjónustu.
- Hugbúnaðarkaup, hugbúnaðargerð.
- Fræðsla, útgáfa, kynning, auglýsingar o.fl. þess háttar.
- Akstur, ferðir og uppihald.
- Áhrif aukins húsnæðis og stofnbúnaðar á viðhalds- og rekstrarkostnað.

Húsnæðis- og stofnkostnaður

- Breytt húsnæðisþörf, m.a. stærð og gerð húsnæðis.
- Breytingar á núverandi húsnæði.
- Tækja- og búnaðarkaup.
- Kaup og sala á fasteignum.

Stjórnun og skipulag

- Skipulag, verkaskipting og vinnulag. Einfaldara eða flóknara.
- Ábyrgð á og eftirlit með kostnaði og tekjum.
- Málsmeðferð vegna töku ákvarðana um kostnað.
- Skipan nefnda og stjórna. Verkaskipting gagnvart æðsta yfirmanni stofnunar.

Tekjur

- Gjaldtökuheimildir.
- Tekjur stofnunar, ríkissjóðs og/eða sveitarfélags. Sundurgreina tekjur eftir tegundum.

C. Eftirfarandi komi fram í greinargerð með matinu:

- i. Verðlagsforsendur, ef notaðar eru aðrar forsendur en áætlað meðalverðlag á því ári sem umsögn er gerð.
- ii. Hvernig kostnaður og tekjur falla til í tíma, þ.e. hvað fellur á það ár sem lög eða reglugerð tekur gildi og hvað fellur á hvert ár eftir það.
- iii. Kostnaður og tekjur sem til falla einungis í eitt skipti.
- iv. Ef kostnaður/tekjur koma ekki til greiðslu/innheimtu á sama ári.
- v. Hversu nákvæmt matið er og á hversu traustum gögnum það er reist. Þetta má stundum gera með því að áætla neðri og efri mörk fjárhæða.

D. Heildartölur:

Í þeim tilvikum sem um er að ræða breytingu á gildandi lögum eða reglugerð, skal eftir atvikum leitast við að draga fram heildarkostnað og heildartekjur vegna framkvæmdar þeirra, en ekki aðeins meta fjárhagsleg áhrif breytingarinnar.

E. Samantekt:

Í lok greinargerðar þarf að draga saman í stuttu máli heildaráhrif á fjárhag sveitarfélaga.